



Klukkuprjón, vöfluprjón, netprjón

Klukkuprjón og vöfluprjón eiga það sameiginlegt að verða þykkara en venjulegt prjón, enda fer meira garn í þessar aðferðir en t.d. slétt og brugðið. En þessar aðferðir henta vel í ákveðna hluti eins og t.d. hálskraga eða trefla.

Klukkuprjón

Fitjið upp slétta tölu.

1. umf. *Sláið b upp á pr, takið 1 L óprj, prj 1 L sl* Endurtakið frá * til * út umferðina.
2. umf. *Sláið b upp á pr, takið 1 L óprj, prj L og uppsláttarband slétt saman*. Endurtakið frá * til * út umferðina.

Endurtakið 2. umferð.

Vöfluprjón

Fitjið upp slétta tölu

1. umf. (réttan): Prj allar L sl.
2. umf. (rangan): Prj allar L sl.

Mynstur:

3. umf. *Prj 1 L sl, prj tvöf.L* Endurtakið frá * til * út umferðina.
4. umf. *Steypiúrt, prj 1 L sl* Endurtakið frá * til * út umferðina.
5. umf. *Prj tvöf L prj 1 L sl* Endurtakið frá * til * út umferðina.
6. umf. *Prj 1 L sl, steypiúrt* Endurtakið frá * til * út umferðina.

Endurtakið 3. – 6. umferð.

Netprjón

Fitjið upp oddatölu

1. umf. (réttan): Prj allar L sl.
2. umf. (rangan): Prj allar L sl.

Mynstur:

3. umf: *Prj 1 L sl, prj tvöf L* Endurtakið frá * til * út umferðina.
4. umf: Prj allar L sl.
5. umf: Prj 1 L sl *prj 1 L sl, prj 1 L tvöf* Endurtakið frá * til * út umferðina.
6. Umf: Prj allar L sl.

Endurtakið 3. – 6. umferð.

Umferðirnar á röngunni eru alltaf prjónaðar sléttar og umferðirnar á réttunni byrja til skiptis á 1 L sl eða 2 L sl. Þannig víxlast staðsetningin á V-inu sem myndast með tvöföldu lykkjunni. Hvert V á að lenda á milli V-anna í fyrri umferð frá réttunni.

Skammtstafanir:

b = band/garn

pr = prjónn

Prj = prjónið

L = lykkja

Óprj = L tekinn fram af prjóninum eins og prjóna eigi hana brugðna.

Sl = slétt

Tvöf.L. = prjónið 1L sl í L fyrir neðan þá sem er á prjóninum (tvöföld lykkja).

Steypiúrt = Takið bandið sem liggur yfir lykkjuna frá fyrri umferð upp á hægri prjóninn og prjónið lykkjuna undir bandinu slétta. Steypið bandinu yfir lykkjuna (alveg fram yfir L).